



Laufblaðið

FRÉTTABLAÐ SKÓGRÆKTARFÉLAGS ÍSLANDS

16. árg. 2007 1. tbl.

**Fræðslu- og félagsstarf
Skógræktarfélags Íslands**

Skógur og orkubúskapur

Evrópumet í skógrækt

**Já og Skógræktarfélag Íslands
gera samstarfssamning**

Sitkagreni vex vel á Miðnesheiði

**Dagskrá Skógræktarfélags
Hafnarfjarðar**

Brúðhjón í Tröð við Hellissand

**Skógrækt í Miðfirði
nær góðum þroska**

**Trjáræktarsetur sjávarbyggða
í Vestmannaeyjum**

**Skógræktarfélag Rangæinga
gerir samning um Ásabrekku**

Skógræktarfélagið Dafnar

**Pemadagur um grisjun
á Heiðmörk**

**Allir félagar í skógræktarfélagum
fá félagsskírteini**


**Skógræktarfélag Íslands og
Olís gera tímamótasamning**

**Landgræðsluskógar á
Hálsmelum í Fnjóskadal**

Vaxandi hætta á skógareldum

Opnum skógum fjölgar

**Skógræktarfélag
Neskaupsstaðar blæs til sóknar**



Þessi mynd er tekið í Skallagrímshlíð
í Borgarnesi. Gardurinn er einstök perla
í miðbæ Borgarness með gróskumiklum
gróðri og góðri aðstöðu fyrir gesti. Svona
gardar eru vinnjar í þéttbýlisumhverfinu
og skipta miklu fyrir velliðan og lífsgæði
íbúanna. Auka þarf slíka ræktun á Íslandi.
Skógræktarfélag Íslands óskar félagsmönnum
sínur gleðilegs sumars (Mynd JGP).

Fræðslu- og félagsstarf 2007

Í ár munu skógræktarfélagin standa fyrir ýmiskonar fræðslu og félagsstarfi, bæði á sameiginlegum vettvangi og eins eru einstök skógræktarfélag með eigin dagskrá. Dagskráin er hluti af samstarfi Skógræktarfélags Íslands og Kaupþings. Helstu liðir eru:

I. Opin hús

Haldin eru opin hús í Öskju þar sem fjallað er um áhugaverð viðfangsefni. Í febrúar fjölluðu Ragnhildur Freysteinsdóttir og Jón Geir Pétursson um Rússlandsferð skógræktarfólks, í mars fjallaði Ari Trausti Guðmundsson um ýmis álitamál í varðandi skógrækt og aðra landnýtingu. Þann 30. apríl mun Haraldur Ólafsson, prófessor og veðurfræðingur, fjalla um gróðurhúsaáhrif og hugsanleg áhrif þeirra á möguleika til skóg- og trjáræktar í landinu. Opin hús hefjast klukkan 19:30.

II. Skógrækt áhugamannsins – námskeið fyrir áhuga-fólk sem vill ná árangri í ræktunarstarfinu.

Björn Jónsson, fyrrverandi skólastjóri, hefur um árabíl haldið vinsæl námskeið fyrir áhugafólk, námskeið sem enginn ræktunarmaður ætti að láta fram hjá sér fara. Þetta eru hagnýt og fræðandi námskeið um flest grundvallaratriði skógræktarstarfsins, þar sem þátttakendur fá mjög eiginleg námskeiðsgögn

Boðið verður upp á þrjú námskeið í vor:

Haldin í Reykjavík
Námskeið A: 24. og 25. apríl kl. 20.00-22:30
Námskeið B: 2. og 3. maí kl. 20.00-22:30

Haldið í Grindavík
Námskeið C: 7. og 8. maí kl. 20.00-22:30

Námskeiðið tekur tvö kvöld og kostar kr. 5.500 á mann

og felur í sér ítarleg námskeiðsgögn og kaffi. Veittur er 30% hjónaafsláttur. Þátttakendafjöldi er takmarkaður á hvert námskeið. Skráning fer fram á skrifstofu félagsins í síma 551-8150 eða á skog@skog.is

III. Skógargöngur

Skógræktarfélagin á höfuðborgarsvæðinu munu halda skógargöngur í sumar. Gengið verður um áhugaverð svæði á Græna treflinum. Göngurnar verða á fimmtudögum og hefjast kl. 20:00 og taka um tvo tíma:

7. júní	Skógræktarfélag Mosfellsbæjar
14. júní	Skógræktarfélag Garðabæjar
21. júní	Skógræktarfélag Reykjavíkur
28. júní	Skógræktarfélag Hafnarfjarðar
5. júlí	Skógræktarfélag Kópavogs
12. júlí	Skógræktarfélag Kjalarness
19. júlí	Skógræktarfélag Reykjavíkur

Upphafsstaðir verða kynntir nánar þegar nær dregur.

IV. Fræðsluerindi

Fulltrúar Skógræktarfélags Íslands halda fræðsluerindi á fundum skógræktarfélaganna í landinu. Alls verða haldin um 20 slík erindi í vor víðsvegar um landið

V. Ferð til Sviss

Þau 80 sæti sem voru í boði í ferðina til Sviss í haust seldust upp á 2 vikum. Því er uppselt í ferðina og kominn biðlisti.

VI. Ferð í Bæjarstaðarskóg

Bæjarstaðaskógur á friðunaraðmæli um þessar mundir. Félagið stefnir að kynnisferð í þennan merka skóg helgina 22.-23. september. Áhugasamir eru beðnir að hafa samband við skrifstofu félagsins.



Í frétt Morgunblaðsins er auglýst ferð skógræktarstjóra í Vatnaskóg til að sækja eldivið til vetrarins fyrir höfuðborgarbúa. Það var fyrir 90 árum. Nú eru orkugjafir okkar Íslendinga aðrir. Í Úganda er eldiviður hins vegar enn helsti orkugjafi landsmanna. Á myndinni er ungur bóndasonur að koma með vnan eldiviðardrumb til að nota við að elda mat og sjóða vatn (Mynd JGP).

Skógur og orkubúskapur

Um þessar mundir fer fram mikil umræða um orkumál hér sem annars staðar í heiminum. Það er kannski ekki öllum nægjanlega ljóst hversu mikilvægur skógur var orkubúskap íslensku þjóðarinnar fyrstu 1000 ár búsetunnar í landinu en þá var trjáviður, ásamt mó, helsti orkugjafi landsmanna.

Sem innlegg í umræðu um orkubúskap og skógrækt fylgir hér með stutt 90 ára gömul klausa úr Morgunblaðinu. Það er nú orðið aðgengilegt á netinu. Þar er þessi frétt um ferð skógræktarmanna upp í Vatnaskóg til að höggva skóg til eldsneytis fyrir höfuðborgarbúa. Á þeim tíma hefur Vatnaskógur væntanlega nálægasti skógurinn við höfuðborgarsvæðið og greinilega nýttur í þaula til að hita hús höfuðborgarbúa.

Eldiviður er hins vegar enn í dag helsti orkugjafi milljarða manna, ekki síst í þróunarlöndunum.

Í næstu Laufblöðum munum við birta fleiri skemmtilegar fréttir úr gömlum dagblöðum þar sem fjallað er um skógræktarmál.

Morgunblaðið - þriðjudagur 5. júní 1917, 210. tölublað, síða 2:

Kofoed-Hansen skógræktarstjóri og Einar E. Sæmundsen skógfræðingur fara í dag landveg upp í Vatnaskóg. Hefir þar verið grysjaður skógur og verður mikið af viði flutt hingað til Reykjavíkur og selt til eldsneytis. Skógræktarstjórinn heldur áfram úr Vatnaskógi norður í land til að hafa umsjón með hrísflutningi niður Fnjóská. Er sá viður seldur Akureyrarbúum. Þar skógvíður er hið besta eldsneyti og viljum vér ráðleggja höfuðstaðarbúum að afla sér hans til vetrarins til að brenna með mónum.

Héraðsskógar taka í notkun timburvagn með lyftikrana

Hinn 8. nóvember var þessi sérstaki timburvagn kynntur í Hrafnsgarði í Fellum. Vagninn er dreginn af fjórhjóli, þar sem glussabúnaði til að knýja kranann er einnig komið fyrir.

Vagninn er framleiddur í Svíþjóð af fyrirækinu Avesta – Vagnen en á heimasíðu félagsins er að finna frekari upplýsingar á slóðinni www.avestavagnen.se Vagninn kostar 92.000 evrur út úr verksmiðjunni eða um 820.000,- kr.

Mér leist vel á þetta tæki. Það er að vísu dýrt en líklega er hægt að tengja vagninn við mismunandi gerðir fjórhjóna. Það eru slegnar tvær flugur í einu höggi: útdráttur og flutningur að bílvegi.

Sigurður Blöndal fyrrverandi skógræktstjóri.



Flutningur á birki úr skógi. Á myndinni er Þorsteinn Pétursson, skógarbóndi í Víðivallagerði í Fljótsdal, að hlaða á vagninn úr kippunum sem skógarhöggsmennirnir höfðu hlaðið eftir 2. grisjun. Það er greinilega gerlegt að fara með vagninn inn í skóg eftir 2. grisjun. Þá kemur hann í staðinn fyrir venjulegt útdráttarspil (Mynd Sigurður Blöndal).

Evrópumet

Flatarmál skóga jókst hraðast á Íslandi frá 2000-2005

Flatarmál skóga eykst nú hlutfallslega hraðast á Íslandi af öllum Evrópuríkjum. Í nýútkominni skýrslu FAO – Matvæla og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu Þjóðanna um ástand skóga heimsins (State of the World Forest 2007) koma þessar upplýsingar fram. Þar kemur fram að skógarþekja Íslands jókst um 4% á tímabilinu 2000 – 2005 sem er Evrópumet. Hins vegar jókst flatarmál í hektörum talið mest á Spáni á sama tímabili eða um 300.000 hektara.



Íslendingum tókst á tímabilinu 2000-2005 að vera fremstir Evrópuþjóða í hlutfallslegri aukingu skóglenda sinna. Það hefur verið gert með aukinni gróðursetningu ótal aðila í landinu. Hér gróðursettur „fyrirliði“ Evrópumeistaranna í skógrækt, Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra, glæsilegan reynivið á vettvangi Landgræðsluskógaverkefins í Garðabæ (Mynd JGP).

Já og Skógræktarfélag Íslands gera samstarfssamning

Já, sem rekur upplýsingaþjónustuna 118, annast ritstjórn og útgáfu Símaskrárinnar og rekstur ja.is, hefur gert samning við Skógræktarfélag Íslands um að árlega verði gróðursett 1.500 trjáplöntur á jörðinni Ingunnarstöðum í Brynjudal. Með samningnum, sem er til þriggja ára, vill Já skapa mótveggi við þau 1.500 tré sem felldu eru vegna prentunar símaskrárinnar á ári hverju og stuðla að sjálfbærum rekstri og skynsamlegri nýtingu þeirrar auðlindar sem skógar eru. Já mun styrkja Skógræktarfélagið vegna gróðursetningarinnar og tengdra verkefna.



Já leggur ríka áherslu á umhverfisvernd en öll tré sem fara í framleiðslu Símaskrárinnar eru úr sjálfbærum skógum sem þýðir að fleiri trjám er plantað en eru felld. Með þessum samstarfssamningi verður til Já-skógur í Brynjudal sem starfsmenn geta tekið þátt í að gróðursetja. Eins er gert ráð fyrir að starfsmenn fái notið útiveru í fallegu umhverfi Brynjudals,

Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands og Sigríður Margrét Oddsdóttir, framkvæmdastjóri Já, „handsala“ samstarfssamninginn með fyrstu trjáplöntunni sem gróðursett verður í verkefninu (Mynd BJ).


Sameiginlegt flataramál skóga hefur jafnframt aukist jafnt og þétt í Evrópuríkjunum og kemur fram í skýrslunni að á undanföllum 17 árum hefur það aukist alls um 7%. Skógeyðing er hins vegar enn mikil í þróunarríkjum og ríkjum sem eru að eru „að breyta þjóðskipulagi“ (states in transition). Til að mynda er árleg skógeyðing hröðust í Afríku um þessar mundir eða sem nemur um 0,8% af skógum álfunnar.



Plöntusala skógrækt

Barri Skógræktarstöð
er nú líka á Tumastöðum í Fljótshlíð


Plöntusala opnar í maí



Barri
Skógræktarstöð
Egilsstöðum • Fljótshlíð
www.barri.is

Skógræktarritið

**er vandað og fjölbreytt
tímarit fyrir alla
skóg- og trjáræktendur**



Skógræktarritið er bæði fyrir leika og lærða. Einar Ó. Þorleifsson nátt-úrfræðingur mælir óhikað með því.

Skoðið áskriftartilboð á
www.skog.is

Pantið áskrift í síma
551-8150 eða á skog@skog.is.
Nánari upplýsingar á www.skog.is.



Sitkagreni vex vel á Miðnesheiði

Ameríski herinn rak ratsjárstöð og byggði í kringum hana hús og aðra aðstöðu fyrir hermenn á svæði því sem kallað er Rockville á Miðnesheiði skammt ofan við Sandgerði. Þegar umsvif hersins tóku að dragast saman var Rockville lögð niður. Líknarfélagið Byrgið fékk þar aðstöðu í húsum sem eftir stóðu um nokkurra ára skeið en loks voru öll mannvirki fjarlægð veturinn 2006. Eftir eru aðeins malbikaðar götur og steypar plötur þar sem hús og mannvirki stóðu áratugum saman.

En reyndar er ekki öll sagan sögð, því á svæðinu ber nú við himinn fjöldi sitkagrenitrjáa sem gróðursett voru þarna á milli húsa, líklega á 9. áratugnum. Trén eru misvel á sig komin, sum reisuleg við góða heilsu, önnur hafa brotnað og enn önnur eru löskuð af veðrum eða plöguð af lús. Hæstu trén nálgast sex metra og eru áberandi kröftug. Fróðlegt verður að sjá hvernig fyrsti heili vetur þessara trjáa á berangri fer með þau en mál manna er þó að þegar sitkagrenið hefur náð þessarri hæð muni ekkert granda því framvegis, nema þá maðurinn.

Nú þegar öll mannvirki hafa verið jöfnuð við jörðu í Rockville og herinn farinn er fagnaðarefni að sjá að grenitrjánun hefur verið hlíft og þau látn í friði. Sigræn tré eru táknið um eilíft líf og óskandi að eigendur þeirra sinni þeim vel í framtíðinni. Ef vel er að verki staðið munu þau lifa í mörg hundruð ár og halda áfram að vaxa löngu eftir að við sem nú lifum erum komin undir græna torfu.

Kristján Bjarnason
garðyrkjufraeðingur

Laufblaðið

Fréttablað, 16. árgangur 1. tölublað 2007.
Laufblaðið er sent endurgjaldslaust til allra félagsmanna í skógræktarfélagunum.
Með því að gerast félagsmaður í skógræktarfélagi færð þú Laufblaðið og Frækornin send heim reglulega.

Útgefandi:

Skógræktarfélag Íslands
Skúlatúni 6, 105 Reykjavík
sími: 551-8150
heimasíða: www.skog.is

Ritstjóri:

Jón Geir Pétursson skógræðingur,
netfang: jgp@skog.is
Ábendingar og upplýsingar varðandi efni blaðsins eru vel þegnar.

Prófarkalestur:

Ragnhildur Freysteinsdóttir landfræðingur.

Ábyrgðarmaður:

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri.

Umbrot og prentun:

Ísafoldarprentsmiðja.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands kjörin á aðalfundi 2006:

Magnús Jóhannesson formaður,
Magnús Gunnarsson varaformaður,
Guðbrandur Brynjólfsson gjaldkeri,
Þorvaldur S. Þorvaldsson ritari.

Meðstjórnendur:

Ólafía Jakobsdóttir,
Sigríður Jóhannsdóttir,
Þuríður Yngvadóttir.

Varamenn:

Vilhjálmur Lúðvíksson,
Páll Ingbór Kristinsson,
Jón Kr. Arnarson,

Eftirtalin fyrirtæki eru
aðalstyrktaraðilar
Skógræktarfélags Íslands



OLÍUVERZLUN
ÍSLANDS HF



DAGSKRÁ SKÓGRÆKTARFÉLAGS HAFNARFJARÐAR 2007

Skógræktarfélag Hafnarfjarðar skipuleggur öfluga dagskár í ár. Fjöldmargir viðburðir verða á vegum félagsins sem við hvetjum áhugafólk að kynna sér og taka þátt í.

Fuglarnir í skóginum

28. maí / mánudagur – annar í hvítasunnu: Fuglaskoðunarferð um Höfðaskóg og nágrenni. Lagt af stað frá Selinu, höfuðstöðvum félagsins, kl. 10.00 árdegis. Ef heppnin verður með okkur munu sjaldgæfir skógarfuglar eins og svartþröstur, glókollur og tyrkjadúfa kannski sjást. Þrautþjálfarar fuglaskoðarar verða með í för.

Skógartrén – Bjartir dagar

9. júní / laugardagur: Gönguferð um Höfðaskóg. Sérstaklega hugað að trjám og runnum í Trjásýnilundi félagsins. Sagt verður frá og bent á spennandi trjá- og runnategundir sem henta í skóg- og garðrækt. Tilvalið tækifæri til að kynnast fjölbreyttu trjáflórunnar. Leiðsögumenn verða skóg- og garðyrkjufræðingar félagsins. Lagt af stað frá Selinu, höfuðstöðvum félagsins.

Rósagarðurinn

21. júní / fimmtudagur / sumarsólstöður: Rósaklúbbur Garðyrkjufélags Íslands hefur í samstarfi við Skógræktarfélag Hafnarfjarðar komið upp safni harðgerðra rósa sunnan í Húshöfðanum við Hvalveyrarvatn. Kl. 18.00 munu klúbbfélagar safnast saman í rósagarðinum og planta og hlúa að rósunum. Þeim sem áhuga hafa er velkomið að koma og kynnast og taka þátt í starfi rósaklúbbsins. Við hittumst við bílastæðið efst á Húshöfða kl. 18.00. Nánar auglýst síðar.

Skógar- og útivistardagur fjölskyldunnar

21. júlí / laugardagur: Þessi árlegi viðburður er öllum Hafnfirðingum að góðu kunnur. Leikir, grill, hestar, bátar, fræðsluferðir er hluti af því sem verður í boði. Þessi dagskrárliður er í samstarfi fjölda aðila auk skógræktarfélagsins. Nánast auglýst síðar.

Opnun útivistarskógar – Stóri Skógarhvammur

25. ágúst / laugardagur: Í ár mun félagið opna formlega eina best geymdu perlu Hafnarfjarðar; Stóra – skógarhvamm í Undirhlíðum. Þar var hafist handa við uppgræðslu og skógrækt árið 1959. Voru það drengir úr Vinnuskóla bæjarins, undir leiðsögn Hauks Helgasonar, sem þar komu mest við sögu. Athöfnin hefst í Stóra – Skógarhvammi kl. 14.00.

Brúðhjón í Tröð við Hellissand

Síðastliðið sumar var Tröð á Hellissandi, svæði Skógræktar- og landverndarfélagsins undir Jökli, opnað formlega undir merkjum „Opins skógar“ skógræktarfélaganna með hátíðlegri athöfn. Svæðið var opnað með sérstökum stuðningi fyrirtækisins Sjóvá - Fjármögnunar.


Þessi glæsilega aðstaða í Opna skóginum í Tröð býður upp á fjölbreytta útivistarmöguleika. Þegar Laufblöðungur vann að undirbúningi opunarinnar komu brúðhjón til myndatöku í skógin. Skógarumhverfið í Tröðinni er óneytanlega fallegur bakgrunnur fyrir brúðkaupsmyndatöku. Þessar myndir voru teknar af tvennum brúðhjónum í Tröðinni á brúðkaupsdegi þeirra.



Brúðhjónin Hanna Metta Bjarnadóttir og Jón Jóhann Tryggvason í fallegu rjóðri í Tröðinni (Mynd JGP).



Brúðhjónin Þuríður Jóhannesdóttir og Magnús Birgisson frá Ólafsvík komu í Tröðina á brúðkaupsdaginn og voru mynduð í stórbrötnu umhverfinu (Mynd JGP).



Ómissandi bók fyrir alla sem unna íslenskum skógum

Skógarbók Grænni skóga er kennslu- og handbók sem byggir á námskeiðaröðinni Grænni skógar.

Bókin er alhliða fræðirit þar sem meðal annars er fjallað um undirbúning skógræktar, uppgræðslu, val á trjategundum, umhirðu skóga, vistfræði skóga, úrvinnslu skógarafurða og útivist í skógum. Bókin nýtist öllum þeim sem vilja fræðast um skóga og skógrækt á Íslandi.

Skógarbók Grænni skóga er hægt að panta á heimasíðu Landbúnaðarháskóla Íslands www.lbhi.is eða á skrifstofu Lbhí á Reykjum. Síminn þar er 433 5303. Einnig er hægt að senda tölvupóst á netfangið magnea@lbhi.is og óska eftir að fá bókina heimsenda og greiða með giróseðli. Þá fæst bókin í verslunum Pennans Eymundssonar um land allt.

Landbúnaðarháskóli Íslands
Hvanneyri
311 Borgarnes
Sími: 433 5000



Umsóknafrestur um
skólavist 2007 / 08

4. júní

Háskólanám í Lbhí

Búvisindi
Hestafræði
Náttúru- og umhverfisfræði
Skógfræði og landgræðsla
Umhverfisskipulag

Starfsmenntanam í Lbhí

Blómaskreytingar
Búfræði
Garðyrkjuframleiðsla
Skógur og umhverfi
Skrúðgarðyrkjubraut

www.lbhi.is



Hvanneyri • 311 Borgarnes
s. 433 5000 • www.lbhi.is
Sendu fyrirspurn á nam@lbhi.is

Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Reykjavík

Alþýðusamband Íslands, www.asi.is, Sætúni 1
 Arentsstál ehf, Eirhöfða 17
 ÁF-hús ehf, Stórhöfði 33
 Áltak ehf, Stórhöfða 33
 Bakameistarinn ehf, Stigahlíð 45-47
 Bergiðjan, Vatnagörðum
 Bílastjarnan, Bæjarflöt 10
 Björgun ehf, Sævarhöfða 33
 Blikksmiðja Reykjavíkur, Súðarvogi 7
 Brim hf, Tryggvagötu 11
 Brim hf, Tryggvagötu 11
 DHL Á ÍSLANDI, Sundabakka 2
 Dynjandi ehf, Skeifunni 3h
 E.T. ehf, Klettagörðum 11
 Efling stéttarfélag, Sætúni 1
 Eignamiðlunin ehf, Síðumúla 21
 Endurvinnslan hf, Knarrarvogi 4
 Fasteignamarkaðurinn ehf, Óðinsgötu 4
 Ferðafélag Íslands, Mörkinni 6
 Feró ehf, Steinaseli 6
 Félag íslenskra hljómlistarmanna, Rauðagerði 27
 Fjölbrautaskólinn við Ármúla, Ármúla 14
 Flügger, Stórhöfða 44
 Forval ehf, Grandagarði 8
 Fulltingi lögfræðipjónusta www.full-
 tingi.is, Suðurlandsbraut 18
 G Hannesson ehf, Borgartúni 23
 Garðmenn ehf, Skipasundi 83
 Garðyrkjunjónustan ehf, Bólstaðarhlíð 35
 H. Hauksson ehf, Suðurlandsbraut 48
 Hagaskóli, Fornhaga 1
 Hár ehf, Kringlunni 7
 HGK ehf, Laugavegi 13
 Hilmar D. Ólafsson ehf, Eldshöfða 14
 Híbyli og skip ehf, Hverfisgötu 105
 HJ bílar ehf, Berjarima 35
 Hugver ehf, Vitastíg 12
 Húsasmiðurinn ehf, Hyrjarhöfða 6
 Höfðakaffi ehf, Vagnhöfða 11
 Höfði fasteignamiðlun ehf, Suður-
 landsbraut 20, og Bæjarhrauni 22
 Iceland Seafood Internatio-
 nal ehf, Köllunarklettsvegi 2
 Innheimtustofnun sveitarfélaga, Lágmúla 9
 Internet á Íslandi hf, ISNIC, Dunhaga 5
 ISS Ísland ehf, Ármúla 40
 J. Eiríksson ehf, Tangarhöfða 5
 Kemis ehf, Breiðhöfða 15
 Kjaran ehf, Síðumúla 12-14
 Kjarni.is, Snorrabraut 56a
 KPMG hf, Borgartúni 27
 Landbúnaðarráðuneytið, Sölvhólsgötu 7
 Landslag ehf, Skólavörðustíg 11
 Laugarnesskóli, Kirkjuteigi 24
 Lindin, kristið útvarp FM 102,9, Krókhálsi 4
 Lóðalist ehf, teiknun, hönnun, ráð-
 gjöf og eftirlit, Síðumúla 31
 Lögreglustjórinn á höfuðborgar-
 svæðinu, Hverfisgötu 115
 Mentis hf, Sigtúni 42
 Moldarblandan - Gæðamold hf, Vagnhöfða 25
 NM ehf, Brautarholti 10
 NOW - vítamín, Vesturbergi 163
 Olíudreifing ehf, Gelgjutanga
 Raftækning hf, Suðurlandsbraut 4
 Raftíðni ehf, Eyjarslóð 3
 Rannsóknarstöð Skógræktar ríkisins, Mógilsá
 Ráðhús Reykjavíkur, Ráðhúsinu
 Rolf Johansen & Co ehf, Skútuvogi 10a

Saga Film hf, Laugavegi 176

Samiðn, Borgartúni 30

Securitas hf, Síðumúla 23

Segull ehf, Hólmastlóð 6

SORPA, Gufunesi

Stanislas Bohic garðhönnun, Súðarvogi 6

Suzuki bílar hf, Skeifunni 17

Svefn og heilsa ehf, Engjateigi 17-19

Sveinbjörn Sigurðsson hf, Smiðshöfða 7

T. ark Teiknistofan ehf, Brautarholti 6

Tannlæknastofa Ögmundar M. Ög-

mundarsonar, Tjarnargötu 16

Tannlæknastofan Gunnar Rósarson-

ar - (Tanngo ehf), Vegmúla 2

Tjónamat & Skoðun ehf, Klapparstíg 25-27

Umhverfis og Garðyrkjusvið Reykja-

víkurborgar, Skúlagötu 19

V.R, Kringlunni 7

Vagnar og þjónusta hf, Tunguhálsi 10

Veitingahúsið Jónfrúin, Lækjargötu 4

Verðbréfasráning Íslands hf, Laugavegi 182

Verkfræðistofan Fjölnhönnun, Stórhöfða 27

Vélaver hf, Krókhálsi 16

Við og Við sf, Gylfaflöt 3

VSÓ Ráðgjöf ehf, Borgartúni 20

Seltjarnarnes

Seltjarnarneskaupstaður, Austurströnd 2

Vogar

Grein ehf, Litlabæ, Vatnsleysuströnd

Kópavogur

Bífreiðaverkstæði Friðriks Ólafs-

sonar ehf, Smiðjuvegi 22

Bílaþvottastöðin Löður ehf, Bæjarlind 2

BJ-verktakar ehf, Bergsmára 8

Byggðapjónustan ehf, Auðbrekku 22

Gólfþjónusta Íslands ehf, Dalvegi 24

Gæðaflutningar ehf, Hvannhólma 12

Kambur ehf, Geirlandi v/Suðurlandsveg

MHG verslun, Dalvegi 16a

Reynir bakari, Dalvegi 4

Smári Guðmundsson garðyrkju-

meistari, Þinghólsbraut 1

Stáliðjan, Smiðjuvegi 5

Uppdæling ehf, Bakkabraut 2

Verkfræðistofa Erlends Birgissonar ehf, Bæjalind 4

Verkfræðistofan Hamraborg sf, Hamraborg 10

Ömmubakstur ehf, Kársnesbraut 96

Garðabær

Ásgeir Einarsson ehf, Garðaflöt 37

Fag-val ehf, Smiðsbúð 4

Garðabær, Garðatorgi 7

Hannyrðabúðin sf, Garðatorgi 7

Haraldur Böðvarsson og co ehf, Birkiðhæð 1

Suðurtún ehf, Súlunesi 12

Hafnarfjörður

Byggingafélagið Kambur ehf, Hólshrauni 2

Fura málmendurvinnslan ehf, Hringhellu 3

Hlaðbær-Colas hf, malbikunarstöð, Hringhellu 6

Hvalur hf Hafnarfirði

Kerfi ehf, Flatahrauni 5b

Pappír hf, Kaplahrauni 13

Rafgeymasalan ehf, verkstæði, Dalshrauni 17

Rafrún ehf, Gjótuhrauni 8

Raftaki ehf, Efstuhlíð 4

Spennubreytar, Trönuhrauni 5

Stímir hf, Drangahrauni 5

Tannlæknastofa Ágústs J Gunnars-

sonar sf, Reykjavíkurvegi 66

www.gardyrkjan.is, Helluhrauni 4

Reykjanesbær

Fasteignasalan Ásberg ehf, Hafnargötu 27

Hitaveita Suðurnesja, Brekkustíg 36

Húsanes ehf, byggingarverktakar, Hafnargötu 20

Reykjanesbær, Tjarnargötu 12

Toyotasalurinn, Njarðarbraut 19

Verslunarmannafélag Suður-

nesja, Vatnsnesvegi 14

Grindavík

Stakkavík ehf, Bakkalág 15b

Útgerðarfélagið Einhamar ehf, Verbraut 3a

Þorbjörn hf, Hafnargötu 12

Sandgerði

Fiskmarkaður Suðurnesja hf, Hafnargötu 8

Garður

Gunnar Hámundason ehf, Vörum 2

Mosfellsbær

Byggingarfélagið Baula ehf, Arkarholti 19

Glertækni ehf, Völuteigi 21

Kjósarhreppur www.kjos.is

Mottó-Magn ehf, Flugumýri 24

Nýja bílasmiðjan hf, Flugumýri 20

Skógræktarfélag Mosfellsbæjar

Akranes

Glugga og Glerhöllin ehf, Ægisbraut 30

GT Tækni ehf, Grundartanga

Skógræktarfélag Akranes, Jörundarholti 122

Vélaleigan Þróttur, Ósi 3

Borgarnes

Framköllunarþjónustan ehf, Brúartorgi 4

Safnahús Borgarfjarðar, Bjarnarbraut 4-6

Skorradalshreppur, Grund

Hellissandur

KG Fiskverkun ehf, Hafnargötu 6

Sjávariðjan Rifi hf, Hafnargötu 8

Skógræktar og landverndarfélag undir Jökli

Búðardalur

Dalabyggð, Miðbraut 11

Reykhólahreppur

Glæðir, áburður, Hellisbraut 18

Reykhólahreppur, Reykhólum

Ísafjörður

Félag opinberra starfsmanna á Vest-

fjörðum, Aðalstræti 24

Fræðslumiðstöð Vestfjarða, Suðurgötu 12

Kjölur ehf, Urðarvegi 37

KNH ehf, Grænagarði

Orkubú Vestfjarða hf, Stakkanesi 1

Bolungarvík

Sparisjóður Bolungarvíkur, Aðalstræti 14

Súðavík

Súðavíkurhreppur, Grundarstræti 3

Flateyri

Skógræktarfélag Önundarfjarðar, Hjallavegi 3

Patreksfjörður

Hálf dán ehf, Aðalstræti 73

Oddi hf, fiskverkun, Eyrargötu 1

Skógrækt í Miðfirði nær góðum þroska

Aðalsteinn Helgason hefur verið mikill hvatamaður að aukinni skógrækt, einkum í Húnavatnssýslum og hefur ver-



Aðalsteinn Helgason á vettvangi norður í Miðfirði.

ið ötull að benda á hversu mikil tækifæri Húnavetningar eiga í þeim málum. Hann sendi Laufblaðinu á dögnum meðfylgjandi ljósmynd og frásögn.

Sumarið 1988 plöntuðu bræðurnir Aðalsteinn og Jón Helgasynir nokkrum greniplöntum í afgirtan reit við íbúðarhúsið í Huppahlíð í Miðfirði, en þar bjó afi þeirra um 60 ára skeið og þar var faðir þeirra fæddur. Þessar plöntur voru upphaflega svokallaðar bakkaplöntur sem höfðu verið tvö ár í uppvaxtarreit. Þessar ungu plöntur nutu góðrar umhirðu og fengu árlega áburð sem settur var í um 20 sentimetra djúpar holur umhverfis hverja plöntu. Aðalsteinn hafði lesið um þessa aðferð í Skógræktarritinu og vildi láta á hana reyna og vissulega hafa trén dafnað vel á tæpum 20 árum.

Í nóvember síðastliðinn bað Aðalsteinn frænku sína frá Huppahlíð að velja fallegt tré úr þessum reit og senda Kvenfélaginu Iðju að gjöf. Valið var tré sem reyndist 2,75 metra hátt. Stóð það fagurlega skreytt og ljósum prýtt í Félagsheimilinu Ásbyrgi í Miðfirði um síðustu jól.

Af þessari frásögn má ráða að með góðri umhirðu er auðvelt að koma trjám á legg í Miðfirði þótt stundum blási þar kaldir vorvindar af norðri.



Myndin sýnir jólatréð frá Huppahlíð í Miðfirði sem kvenfélagið Iðja í Miðfirði skartaði á jólaskemmtun í desember síðastliðnum.



**SKÓGRÆKT
RÍKISINS**

**AÐEINS
ALDARGÖMUL**



Typar® jarðvegsdúkur



Hentar fyrir:

- Blómabeð
- Hellulagnir
- Göngustíga
- Sólpalla

- Hindrar vöxt illgresis
- Hemill á rótarvöxt
- Ræktun á lélegum jarðvegi
- Hindrar blöndun jarðvegs



Poulsen Skeifan 2 Sími: 530 5900 Fax: 530 5910
www.poulsen.is / poulsen@poulsen.is
VIÐ OPNUM KL:08:00.

Trjáræktarsetur sjávarbyggða í Vestmannaeyjum

Þann 15. mars sl. samþykkti Alþingi þingsályktunartillögu um stofnun Trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum. Tilgangur setursins er að rannsaka áhrif særöks og loftslagsbreytinga á trjágróður og trjárækt á eyjum Norður Atlantshafs, einkum Íslandi, Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Grænlandi. Auk rannsókna á áhrifum stormasamrar úthafsveðráttu á trjágróður er setrinu ætlað að leita tegunda og þróa ræktunaraðferðir fyrir sjávarbyggðir og miðla þekkingu á trjá- og skógrækt á þessu svæði.

Setrið á að vera á Heimaey. Vestmannaeyjar eru einn stormasamasti staður við Norður-Atlantshaf og þar



Skóg- og trjárækt við sjávarsíðuna er viðfangsefni væntanlegs trjáræktarseturs í Vestmannaeyjum. Þessi mynd er tekin úr Hafnararkógi, áhugavert dæmi um skóg á erfiðum stað við sjávarsíðuna (Mynd JGP).

er mikil saltákoma. Á Stórhöfða er ein besta veðurstöð landsins með mælingum á saltstyrk í lofti auk venjulegra athugana. Stöðin er einnig vel þekkt í veðurfræðirannsóknum, einkum á sviði storma, særöks og loftslagsbreytinga. Á Heimaey er mikil og löng reynsla af trjárækt. Þar er allstórt og samheldið samfélag með nauðsynlegri þjónustu, öðrum rannsóknastofnunum og skólum. Vestmannaeyjar eru því einhver besta staður sem hugsast getur til rannsókna á vexti og þroska trjágróðurs við sjó. Á Heimaey hafa frá árinu 1995 verið stundaðar rannsóknir á áhrifum særöks á trjágróður. Setrið er að nökkru leyti afsprengi þeirrar vinnu.

Eitt helsta nýmælið með stofnun trjáræktarsetursins er að því er ekki einungis ætlað að þjóna strandbyggðum á Íslandi heldur einnig nærsvæðum landsins við Norður-Atlantshaf. Með þessu opnast tækifæri í rannsóknum og miðlun þekkingar sem hingað til hafa verið torsótt og flókin í framkvæmd. Þannig má líta svo á að allt svæðið verði einn heimamarkaður fyrir rannsóknir og þekkingarmiðlun á starfssviði trjáræktarsetursins.

Nágrannar okkar við Norður-Atlantshaf eru fámennir, búa dreift og eru á jaðri stórra ríkja. Þeir eru einnig á jaðrinum hvað varðar rannsóknáherslur. Ræktunarskilyrði og aðstæður allar eru ólíkar kjarnasvæðum ríkjanna en lík okkar skilyrðum. Síðastliðna tvo áratugi hefur orðið til öflugt fræðasamfélag á Íslandi á þessu fagsviði. Gróskan er það mikil að Íslendingar eru að verða leiðandi hvað varðar þekkingu á skóg- og trjárækt nærri skógarmörkum. Með aðgangi að fræðagrunni og rannsóknagetu okkar Íslendinga skapast nýir möguleikar fyrir skóg- og trjárækt á



Trjáræktarsetrið stefnir að öflun þekkingar á ræktunarskilyrðum fyrir strandbyggðir við norðanvert Atlantshafið. Þessi mynd er tekin af sæbörðum skógi á vindasamri strönd Nýfundnlands í Kanada (Mynd JGP).

nærsvæðum Íslands. Fyrir okkur Íslendinga er náð samstarf við nærsvæðin afar mikilvægt, ekki síst til að geta brugðist rétt við spáðum loftslagsbreytingum. En spár um loftslagsbreytingar á næstu áratugum benda til að veðurfar hér á landi nálgist núverandi skilyrði í Færeyjum, Hjaltlandi, Orkneyjum, Suðureyjum og Norður Skotlandi. Það má því segja að með setrinu sé hafin útrás íslenskrar trjá- og skógræktarþekkingar.

Guðjón Hjörleifsson alþingismaður flutti þingsályktunartillöguna. Meðflutningsmenn voru alþingismennirnir Drífa Hjartardóttir, Jón Bjarnason, Kjartan Ólafsson og Lúðvík Bergvinsson. Setrið hefur verið baráttumál Skógræktarfélags



Með stofnun Trjáræktarseturs sjávarbyggða í Vestmannaeyjum er ætlunin að rannsaka áhrif særöks og loftslagsbreytinga á trjágróður og trjárækt á eyjum Norður Atlantshafsins og miðla þeirri þekkingu til notenda. Þessi mynd er tekin af trjárækt í Vestmannaeyjum þar sem Skógræktarfélag Vestmannaeyja hefur náð virkilega athyglisverðum árangri (Mynd Ólafur Lárusson).

Skógræktarfélag Rangæinga gerir samning um Ásabrekku

Skógræktarfélag Rangæinga og Ásahreppur hafa gert með sér samning um skóginn Ásabrekku. Skógurinn er í alfaraleið, sem vegfarendur kannast við, skammt sunnan við Suðurlandsveginn rétt austan Þjórsár.

Stefnt er að uppbyggingu útivistaraðstöðu í skóginum með aðkomu verkefnisins Opinn skógur og er Skógræktarfélag Íslands aðili að samningnum fyrir hönd verkefnisins.

Markmiðið er að gera göngustíga um skóginn, vinna að grisjun og merkinum, koma upp borðum og bekkjum og tryggja þannig fyrirmyndaraðstöðu fyrir ferðamenn og aðra gesti í þessu fallega umhverfi.



Sigríður Heiðmundsdóttir, formaður Skógræktarfélags Rangæinga, Eydís Indriðadóttir oddviti Ásahrepps og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, undirrituðu samninginn um skóginn Ásabrekku. Framkvæmdir á svæðinu munu hefjast af krafti á næsta ári (Mynd BJ).

Vestmannaeyja og ekki síst formanns félagsins Ólafs Lárussonar.

Þótt skammt sé liðið frá samþykkt tillögunnar hefur Guðni Ágústsson landbúnaðarráðherra nú þegar falið embættismönnum ráðuneytisins að undirbúa stofnun setursins. Þorsteinn Tómasson skrifstofustjóri stýrir því starfi fyrir ráðuneytið og í hans höndum er málið strax komið á rekspöl.

Þorbergur Hjalti Jónsson skógræðingur, Rannsóknastöð skógræktar, Mógilsá

Skógræktarfélagið Dafnar

Skógræktarfélagið Dafnar er eitt af nýju félögum innan Skólafélags Landbúnaðarháskóla Íslands. Þetta er félag skógræktaráhugafólks eins og nafnið ber með sér. Félagið var stofnað haustið 2005 að tilstuðlan nemenda á skógræðibraut. 11 stofnfélagar mættu á stofnfund en allir staðarnemendur á Hvanneyri svo og aðrir nemendur Lbhí eru meðlimir. Helstu markmið félagsins eru að breiða út boðskap skógræktar og efla áhuga á skógrækt meðal nemenda og starfsfólks. En æðsta markmið Dafnars er að útrýma roki á Hvanneyri með skógi og hefur stjórnin fundað með rektor og Garðyrkjustjóra Landbúnaðarháskólans í von um að fá land til skógræktar.

Starfið fór kröftuglega af stað með fyrirlestri Reynis Vilhjálmssonar landslagsarkitekts um verkefnið Græna trefillinn og gróðurþróun á síðustu öld. Þessi fyrirlestur var vel sóttur. Einnig hefur Skógræktarfélagið Dafnar staðið fyrir skógargöngum, t.d. um Jafnaskarðsskóg, Heiðmörk, Skorradal, Daníelslund og Einkunnir. Á Döfinni hjá Dafnari er fyrirlestur Einars Ó. Þorleifssonar sem nefnist Fuglarnir í garðinum okkar og skógarganga þann 13. apríl.

Í skógargöngum leitast Dafnar við að fá staðkunnuga til að leiða göngurnar þannig að þátttakendur fái sem mest út úr þeim. Skógargöngurnar hafa verið

ágætlega sóttar.

Skógræktarfélagið Dafnar hefur sótt um aðild að Skógræktarfélagi Íslands og Ifsa alþjóðlegum samtökum Skógræðinema. Skógræktarfélagið Dafnar er frá-

brugðið öðrum skógræktarfélögum að því leyti að þetta er nemendafélag, það gerir það að verkum að félagaskráin er síbreytileg, og tíð skipti á stjórnarmönnum.

Skógræktarfélagið Dafnar er ungt félag og á vonandi eftir að dafna vel í framtíðinni.

Valdimar Reynisson,
formaður Dafnars



Stjórn Dafnars veturinn 2006-2007 Talið frá vinstri Valdimar Reynisson, Helga Ösp Jónsdóttir, Steinar Björgvinsson, Gunnar Ólafsson og Gústaf Jarl Viðarsson.



Tveir sterkir

– sparnaðarreikningar á Netinu!

SPRON Vaxtabót

Óverðtryggður hávaxtasparnaðarreikningur

SPRON Viðbót

Verðtryggður hávaxtasparnaðarreikningur

Þú getur stofnað
reikning á **spron.is**



Skoðaðu kosti þess að vera félagi í GÍ!



Garðyrkjufélag Íslands

Frakkastíg 9 - Sími 552-7721

www.gardurinn.is - gardurinn@gardurinn.is

Þemadagur um grisjun á Heiðmörk

Nýverið gekkst Skógræktarfélag Íslands fyrir svokölluðum þemadegi, þar sem grisjun útivistarsskóga og nýting viðarins var á dagskrá. Þessi dagur var skipulagur fyrir fulltrúa skógræktarfélaganna í landinu og var framkvæmdin styrkt af Landgræðslusjóði.

Dagurinn hófst með fyrirlestrum í fræðslustofu Skógræktarfélags Reykjavíkur að Elliðaavatni. Útikennslustofa, sem Skógræktarfélag Reykjavíkur og Náttúruskóli Reykjavíkur létu nýverið útbúa í skógarlundi við Elliðaavatnsbæinn, var skoðuð. Hún er liður í að auðvelda kennurum að nýta skógin til kennslu í flestum námsgreinum grunnskólans og hefur mælst vel fyrir.



Eftir hádegi var Heiðmerkurskógurinn notaður sem kennslustofa í grisjun og áhrifum hennar á ásýnd skógarins en þar er að finna mikinn fjölbreytileika hvað varðar þéttleika og þroskastig skógar.

Mikil þörf er á að auka grisjun og umhirðu í skóglendum skógræktarfélaganna. Þemadagur af þessu tagi er góð leið til að auka þekkingu fólks til þes að takast á við þau verkefni.



Dagskrá grisjunardagsins var fjölbreytt. Gunnar Kristjánsson sló upp grillveislu fyrir þátttakendur á þemadegi um grisjun. Myndin er tekin í fræðslustofunni í gamla Elliðaavatnsbænum, steinbænum þar sem þjóðskáldið Einar Benediktsson fæddist. Félagið vannur að uppbyggingu fræðslustofu á Elliðaavatni (Mynd EG).



Skógræktarfélag Reykjavíkur hefur nýlega fengið öfluga dráttarvél og útdráttarspil sem léttir undir þegar nýta á viðinn á Heiðmörk (Mynd EG).

Allrir félagar í skógræktarfélögum fá félagsskírteini

Notum félagsskírteinin

Eins og undanfarin ár gefur Skógræktarfélag Íslands út félagsskírteini sem sent er til allra félagsmanna í skógræktarfélögunum en það munu vera um 7500 félagar í hreyfingunni allri. Nú eiga öll skírteini að vera komin til forsvarsmanna viðkomandi skógræktarfélaga en félögin eru um 60 talsins. Viðkomandi félög og forsvarsmenn þeirra senda svo skírteinin á sína félagsmenn svo fremi að viðkomandi hafi greitt tilskilin félagsgjöld. Félagsskírteinið er orðið fastur liður í starfi skógræktarfélaganna, og veitir margskonar afslætti í gróðurteygjum verslunum. Rétt er að árétta við félagsmenn að þeir taki alltaf með sér skírteinið og nýti sér þann kaupauka sem það veitir.

Að þessu sinni hefur einnig bæst við nýtt afsláttarkort sem gefið er út í samstarfi við OLÍS veitir félagsmönnum verulegan afslátt á bensíni og vörum. Nánar er greint frá því annarsstaðar í blaðinu.

Þetta sýnir, svo ekki fer á milli mála, að vel er hlúð að félögum og ávinningur þess að vera í hreyfingunni vex ár frá ári.

Ekki væri heldur úr vegi að þú, ágæti félagsmaður, bentir félögum eða vinum

FÉLAGSSKÍRTEINI SKÓGRÆKTARFÉLAGANNA

HÚSAMÍÐJAN ...ekkert mál

Skógræktarfélag Íslands er landsamband skógræktarfélaganna, s. 551 8150, skog@skog.is, Skúlanúni 6, 105 Reykjavík

Elirtalin fyrirtæki veita félagsmönnum í skógræktarfélögunum staðgræðsluafslátt árið 2007. Félagar eru hvattir til að versla þar:

Barri, Egilstöðum	15%	Gróðurstöðin Kjarni, Akureyri	10-15%
Blómaval	10%	Húsamíðjan	12%
Bræðurnir Ormsson	10%	Ormsson, Smáralind og Akureyri	10%
Ellingsen (smávörur)	10%	Skógræktarstöðin Ólur, Sólheimum	10%
Garðheimar	10%	Sólskógur, Egilst. og Reyðarf.	10-15%
Gróðurstöðin Þóll, Hafnarf.	15%		

blómaval leggur rækt við þig

Reykjavík • Kópavogur • Akureyri • Selfoss • Reykjavíkurbær
www.blomaval.is

á þessa staðreynd. Fleiri félagar skapa öflugri hreyfingu sem betur er í stakk búin að takast á við meginmarkmiðin. Ræktun, fræðsla og miðlun þekkingar.

Ef félagsmenn telja að misbrestur eða tafir hafa orðið á því að skírteini hafi borist er viðkomandi bent á að hafa samband við forsvarsmenn viðkomandi aðildarfélaga en upplýsingar um þá er að finna á heimasíðu félagsins www.skog.is eða að hafa samband á skrifstofu Skógræktarfélags Íslands í síma 551-8150. Einnig er hægt að senda fyrirspurn á: skog@skog.is

Snöggjum betri kraftur...

KOMATSU

ZENOAH

kr. 53.500.-

G415AVS
4.4 kg 2ha



kr. 64.500.-

HT2300A
5.3 kg 1,2 ha

STIGA

Vetrarsól ehf • Askalind 4 • Kópavogur • Sími: 564 1864

Skógræktarfélag Íslands og Olís gera tímamótasamning

Á Fulltrúafundi skógræktarfélaganna, sem haldinn var í Norræna húsinu 17. mars sl., var undirritaður viðtækur samstarfssamningur á milli OLÍS og Skógræktarfélags Íslands.

Samstarfssamningurinn lýtur að margvíslegum stuðningi við skógrækt og samvinnu vegna uppbyggingar á skógræktarsvæðum. Markmið samningsins er að

auka aðgengi og kynningu á skóglendum með markvissum hætti og er þáttur í verkefninu Opinn skógur.

Þá felur samkomulagið einnig í sér útgáfu á sérstöku Hópakorti Olís sem sent verður öllum félagsmönnum skógræktarfélaganna en þeir eru um 7500. Kortið veitir þeim ýmis konar afslætti í verslunum Olís, m.a. verulegan afslátt af bensíni,



Sigurður K. Pálsson, markaðsstjóri Olís, og Magnús Jóhannesson, formaður Skógræktarfélags Íslands, skrifuðu undir samninginn við upphaf Fulltrúafundarins (Mynd BJ).

en auk þess mun Olís greiða Skógræktarfélagi Íslands ákveðna prósentu af veltu viðskiptanna.

Með þessum nýja samningi eflist skógræktarhreyfingin og að sama skapi njóta félagsmenn í hreyfingunni umtals-

verðs ávinnings.

Við hvetjum því okkar félagsmenn til að nýta sér þessa afslætti og nota OLÍS kortin sem mest og efla Skógræktarfélag Íslands um leið.



Eftirtaldir aðilar hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

Skógræktarfélag Patreksfjarðar, Sigtúni 7

Tálknafjörður

Tálknafjarðarhreppur, Miðtúni 1

Bíldudalur

GSG vörubílaakstur-trésmíði ehf, Kríubakka 4

Þingeyri

F&S Hóperðabílar ehf, Aðalstræti 27

Skagatrönd

Elfa ehf, Oddagötu 22
Höðahreppur, Túnbraut 1-3

Sauðárkrókur

Byggðastofnun, Ártorgi 1
Friðrik Jónsson ehf, Borgarröst 8
Kaupfélag Skagfirðinga, Ártorgi 1
Náttúrustofa Norðurlands vestra, Aðalgötu 2
Skagafjarðarveitur ehf, Borgarteigi 15
Útgerðarfélagið Sæfari ehf, Hrauni

Varmahlíð

Akrahreppur Skagafirði
Skógræktarfélag Skagfirðinga, Marbæli

Siglufjörður

Egilssíld ehf, Gránugötu 27
Skógræktarfélag Siglufjarðar, Hverfisgötu 9

Akureyri

Gerði eggjabú ehf, Þórsmörk
Girðingarþjónustan Litluhlíð ehf, Litluhlíð
Girðir ehf, Lónsbakka
Gróðrarstöðin Réttarhóll, Svalbarðseyri
Líkamsræktin Bjarg ehf, Aðalstræti 16
Málningarmiðstöðin, Hólabraut 18
Skógræktarfélag Eyfirðinga, Kjarnaskógi
Stella tannlæknir, Hófsbót 4
Verkfræðistofan Raftákn ehf, Glerárgötu 34
Virgni ehf, Lyngholti 28

Ösp sf, trésmíðja, Furulundi 15f

Dalvík

Promens Dalvík, Gunnarsbraut 12

Ólafsfjörður

Árni Helgason vélaverkstæði, Hlíðarvegi 54

Húsavík

Bókasafnið á Húsavík
Húsavíkurbær, Ketilsbraut 9

Mývatn

Jarðböðin við Mývatn
Skútustaðahreppur, Hlíðavegi 6

Þórshöfn

Langesbyggð, Fjarðarvegi 3

Bakkafjörður

Hraungerði ehf, Hraunstíg 1

Vopnafjörður

Bókasafn Vopnafjarðar, Lónabraut 12
Mælifell ehf, Háholti 2
Vopnafjarðarhreppur, Hamrahlið 15

Egilsstaðir

Hraðbúð ESSO www.khb.is, Kaupvangi 6
Verkfræðistofa Austurlands ehf, Kaupvangi 5

Seyðisfjörður

Seyðisfjarðarkaupstaður, Hafnargötu 44

Reyðarfjörður

Hólmar, húsgagnaverslun ehf, Austurvegi 29
Verkalyðsfélag Reyðarfjarðar, Brekkugötu 9

Eskifjörður

Skógræktarfélag Eskifjarðar, Lambeyrarbraut 6

Neskaupstaður

AFL - Starfsgreinafélag Austurlands, Miðvangi 2-4

Höfn í Hornafirði

Skeggey ehf / Ósland, Miðósi 17

Selfoss

Búnaðarsamband Suðurlands, Austurvegi 1
Garðyrkjustöðin Furubrún, Reykholti, Biskupstungum
Grímsneshreppur og Grafningshreppur, Stjórnsýsluhúsinu Borg
Guðmundur Tyrfingsson ehf, Fossnesi C
Hitaveita Frambæja, Skarði
Jötunn vélar ehf, Austurvegi 69
Selfossveitur bs, Austurvegi 67
Set ehf, plaströðverksmiðja, Eyravegi 41
Skeiðahreppur og Gnúpverjahreppur, Árnesi
Skógræktarfélag Árnesinga, Sigtúni 9
Sunnlenska fréttablaðið, Austurvegur 22
Verkfræðistofa Guðjóns, Austurvegi 44

Hveragerði

Heilsustofnun NLFÍ, Grænumörk 10
Litla kaffistofan, Svínahrauni

Þorlákshöfn

Jarðefnaiðnaður ehf, Nesbraut 1

Flúðir

Flúðafiskur, Borgarási

Hella

Ferð og Saga ehf, Hrafnatóftum 1
Rangárþing - Ytra, Suðurlandsvegi 1
Verkalýðsfélag Suðurlands, Suðurlandsvegi 3
Vörufell ehf, við Suðurlandsveg

Hvolsvöllur

Anna og Árni á Akri, Akri

Kirkjubæjarklaustur

Landbúnaðar og byggingarvörur, lðjuvöllum 3
Tjaldstæðið Kirkjubæ 2, Vestur Skaftafellssýslu

Landgræðsluskógar á Hálsmelum í Fnjóskadal

Frábær árangur ræktunarstarfsins

Landgræðuskógaverkefnið hefur nú starfað síðan árið 1990 á um 130 stöðum á landinu. Hálsmelar í Fnjóskadal eru eitt svæða verkefnisins í umsjón Skógræktarfélags Fnjóskdæla. Hálsmelsvæðið er 150-200 hektara svæði norðan Vaglaskógar. Þar hefur verið gróðursett árlega af félögum í Skógræktarfélagi Fnjóskdæla, sem er deild innan Skógræktarfélags Suður-Þingeyinga. Hefur ræktunin öll árin verið byggð á kröftugu sjálfbóðaliðsstarfi. Eins hefur Skógrækt ríkisins stutt myndarlega við starfið. Þessar ljósmyndir tók einmitt Sigurður Skúlason skógarvörður á Vöglum en hann hefur skipulagt ræktunarstarfið á

Hálsmelum og stjórnað framkvæmdum öll árin.

Hann segir að aðferðin sem þeir hafi beitt við þessa rýru mela sé fólgin í eftirfarandi: Fyrst hefur verið borinn áburður á melana. Það hefur verið gert með traktor og kastdreifara. Þannig hefur myndast lágplöntuskán á melunum sem minnkar hættu á frostlyftingu. Í kjölfarið hafa verið gróðursettar bakkaplöntur og hefur rússalerki gengið best. Það er mjög sjálfbært á melunum og fljótt að komast í góðan vöxt.

En meðfylgjandi myndir segja meira en mörg orð um það hvernig tekist hefur til.



Fyrsta myndin er tekin árið 1991 og sýnir vel hversu illa gróið og rýrt svæðið var (Mynd Sigurður Skúlason).



Næsta mynd er tekin á svæðinu árið 1997. Þar er verið að gróðursetja lerkitré og er þar að störfum sjálfbóðaliðahópur frá Skógræktarfélagi Fnjóskdæla. Takið eftir fólkinu til vinstri á myndinni í rauðum skyrtum. Það eru þau hjónin Gunnhildur Arnþórsdóttir og Davíð Herbertsson frá Hrísgarði í Fnjóskadal (Mynd Sigurður Skúlason).



Þessi mynd er af sama ræktunarsvæði árið 2005 og sömu hjónum, Gunnhildi og Davíð en nú er verkefnið snyrting á lerkitrjánnum sem þau gróðursettu árið 1997 (Mynd Sigurður Skúlason).



Síðasta myndin er tekin árið 2006. Sannarlega góður árangur (Mynd Sigurður Skúlason).

KEÐJUSAGIR

-sniðnar að þínum þörfum



GOTT VERÐ Á GÆÐAVÖRUM



Stekkjarbakka 6 - Sími 540 3300 - www.gardheimar.is

Íslensk framleiðsla

Ryðfrír plöntustafur með skiptanlegum hólkum, fyrir 35,40 og 67 plöntubakka. Öflugur haki. Mjög sterkir og endingagóðir.




Smíðum einnig öfluga kantskera með góðum handföngum.



Léttitækni ehf

Sími: 567 6955
www.lettitaekni.is

Er garðurinn þinn áburðarþurfi?



Áburðarverksmiðjan

Beinn sími söludeildar: 580 3232
www.aburdur.is

Girðingarefni í miklu úrvali!



- Skrautgirðingar
- Hefðbundnar girðingar
- Rafgirðingar

- eigum allt sem til þarf!



LÍFLAND

Lynghálsi 3 • Sími: 540 1125
www.lifland.is

Vaxandi hættu á skógareldum

Samstarf við Brunamálstofnun

Skógareldar eru ógnun við skóglendi í landinu, bæði nýræktarsvæði svo og eldri skóga. Undanfarin ár hafa kviknað fjöldamargir eldar í og við ræktunarsvæði skógræktarfélaganna í landinu. Sem betur fer hefur ekki orðið stórfellt tjón á skógum af slíkum eldum, en segja má að það sé einungis tímaspursmál hvenær stór eldsvoði verður. Umsjónarmenn skógræktarsvæðanna hafa af því þungar áhyggjur hvernig hægt verði að takast á við slíkan bruna. Þar er ekki einungis um að ræða mikil peningaleg verðmæti, heldur einnig tilfinningaleg og félagsleg.

Brunamálstofnun og Skógræktarfélag Ís-

lands hafa nú ákveðið stefna vinnu að tveimur málum til brunavarna í skógum.

Í fyrsta lagi að beita sér fyrir kaupum á stórum pokum til að hengja neðan í þylur til að ausa vatni yfir skógaelda. Hér eru einungis til þókar sem taka um 800 lítra vatns, en fáanlegir eru þókar sem taka um 3000 lítra. Brunamálstofnun ætlar að beita sér fyrir því að fá slíkan búnað til landsins og þjálfa mannskap til að nota hann á skilvirkan hátt. Kom það í ljós í gróðureldunum miklu á Mýrum um árið að slíkur búnaður hentar afar vel og er í raun eina leiðin til að eiga við umfangsmeiri skógarelda.

Í öðru lagi að hefja gerð sérstakrar viðbragðs og -brunavarnaáætlunar fyrir eitt ákveðið skógræktarsvæði í samstarfi við viðkomandi slökkvilið og umsjónaraðila. Var ákveðið að taka Daníelslund í Borgarfirði fyrir og er stefnt að þeirri vinnu nú í sumar. Sú áætlun getur síðan vonandi orðið fyrirmynd annarra skógræktarsvæða á landinu.

Þrátt fyrir þessi áform er þó enn og aftur nauðsynlegt að ítreka mikilvægi forvarna og þess að ekki sé farið ógátilega með eld og jafnframt varð að við sinubrunum.

Um allan heim þurfa umsjónaraðilar skóglenda að verjast skógareldum. Í ferð Skógræktarfélags Íslands til Nýfundnaland um árið kynntust þátttakendur slíku starfi. Skógareldar geta valdið miklum usla í skógum Nýfundnaland, líkt og annarsstaðar ef þeir fá að brenna óheftir. Því er mikil áhersla á slökkvistarf innar skógstjórnarinnar og til þess meðal annars notaðar stórar flugvélar. Hér sést Bombardier flugvél sleppa vatni úr sér yfir Gandervatni. Á þennan hátt geta vélarnar ausið þúsundum lítra af vatni á skömmum tíma yfir skógareldana (Mynd Freysteinn Sigurðsson).



Hafinn er undirbúningur framkvæmda í Akurgerði í Öxarfirði sem er í umsjón Skógræktarfélag Norður Þingeyinga. Hér er Guðmundur Örn Benediktsson, fulltrúi félagsins, við glæsilegt reyniviðartré í skóginum, sem bæta þarf aðgengi að. Skógurinn í Akurgerði er einstaklega fjölbreyttur og fallegur (Mynd JGP).

Opnum skógum fjölgar

Verkefnið í sókn

Verkefni skógræktarfélaganna „Opinn skógur“ miðar að því að opna skóglendi þeirra fyrir almenningi. Frá því að verkefnið hófst, árið 2001, hefur tekist að opna eftirfarandi svæði fyrir almenningi: Daníelslund, Hrótey, Snæfoksstaði, Tunguskóg við Ísafjarðarkaupstað, Eyjólfsstaðaskóg, Sólbrekkur, Hofstaðaskóg og Tröð við Hellissand á Snæfellsnesi. Þangað eru allir velkomnir, hvernær sem er.

Verkefnið nýtur stuðnings mjög öflugra fyrirtækja eða Avant (áður Sjóvá Fjármögnun), Olíss og Pokasjóðs. Þessi fyrirtæki eru bakhjarlar verkefnisins og gera það mögulegt að opna og byggja upp útivistaraðstöðu í skóglendum fyrir gesti.

Jafnframt hefur verkefnið nú í fyrsta skipti fjármuni af fjárlögum til að opna ákveðin skógræktarsvæði, sem á þessu ári eru Akurgerði í Öxarfirði, Þelamerkurskógur og skóglendi við Djúpavog. Einnig er hafinn undirbúningur framkvæmda við Opinn skóg á Fossá í Hvalfirði og Ásabrekku í Rangárvallasýslu. Því fjölgar opnum skógum skógræktarfélaganna ört.

Skógræktarfélag Neskaupsstaðar blæs til sóknar

Hugrenningar formanns

Skógræktarfélag Neskaupsstaðar hefur blásið til sóknar. Félagið starfar á gömlum merg en ný stjórn félagsins vinnur nú að ýmsum nýjungum í starfinu. Formaður félagsins, Anna Bergljót Sigurðardóttir, skrifaði þessar hugrenningar í fréttablað félagsins til íbúa Norðfjarðar, sem Laufblaðið vill miðla til annara félagsmanna í skógræktarfélagunum:

„Kæru íbúar Norðfjarðar, mig langar aðeins að minna okkur á að við erum svo rík að geta labbað upp í fjall og notið þess að labba um í 50 ára gömlum skógi, vel grónum og með feikilega góðu og fallegu útsýni yfir fjörðinn okkar.“

Nú er tekin við ný stjórn og ætlunin er að gera marga skemmtilega og þarfa hluti. Það þarf meðal annars að grisja heil ósköp og gera stíga, bæði þjónustustíga og göngu- og hlaupaleiðir. Rétt er að vara við að á meðan á framkvæmdum stendur verður ekki alltaf jafn fallegt og friðsælt. En til að geta opnað skógin betur fyrir almenningi, verður að ryðja nokkuð vel úr vegi.

Ég sé fyrir mér að grunnskólanemendur og leikskólabörn noti skógin á góðum dögum til útivistar og fræðslu. Sjúklingar sem geta og eiga að ganga geta farið í skógin og endurnærast þar. En mér er sagt að vera innan um gróður og sjá gróður bæti bæði líkama og sál.

Ég vil hvetja alla þá sem ekki hafa farið um í Hjallaskógi að fara og uppgötva öll ævintýrin sem leynast þar. Að lokum vil ég minna á að nýir félagar eru velkomnir. Allir meðlimir fá afsláttarkort sem nýtist vel í innkaupum í garðinn og margt fleira.“



Stjórn Skógræktarfélags Neskaupsstaðar skipa: Anna Bergljót Sigurðardóttir formaður, Gunnar Ólafsson ritari, Sigurborg Hákonardóttir gjaldkeri, Benedikt Sigurjónsson meðstjórnandi og Kristín Ágústs dóttir meðstjórnandi. Varamenn í stjórn eru Bjarni Aðalsteinsson og Þórður Þórðarson. Hér eru stjórnarmenn í Hjallaskógi, ofan Neskaupsstaðar.

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands

PRENTSMÍÐJAN
VIÐEY

NA NORDURÁL
Century ALUMINIUM

já

Skógræktarfélag Reyðarfjarðar

Ásgerði 3

730 Reyðarfirði

HERAÐSSKÓGAR
AUSTURLANDSSKÓGAR

Eftirtaldir hafa styrkt Skógræktarfélag Íslands



Morgunblaðið



Skógræktarfélag Borgfirðinga
Brúarlandi 2
310 Borgarnesi



Þar sem náttúra og vélþækni renna saman í eitt



ISLENSKA SÍÐA 11/11/07 16:02 01/06

Prius - umhverfisvænn kostur á framtíðarvegum

Við hjá Toyota sjáum fyrir okkur hreinni heim. Áhugi okkar á umhverfismálum og náttúruvernd birtist m.a. í því að Toyota á Íslandi og Skógræktarfélag Íslands hafa átt langt og farsælt samstarf í þágu skógræktar á Íslandi. En Prius er einnig dæmi um að við látum ekki sitja við orðin tóm þegar kemur að umhverfismálum.

Prius er knúinn bæði rafmagns- og bensínvél. Hann er sjálfum sér nógur um rafmagn og gefur frá sér allt að 55% minna koldíoxíð en hefðbundnir bensínbilar af svipaðri stærð. Hann er umhverfisvænni en aðrir bílar og mikilvægt skref í átt að hreinni heimi.

Komdu og reynsluaktu Prius – upplifðu umhverfisvernd í þágu framtíðar.

Verð **2.790.000** kr.



TODAY TOMORROW **TOYOTA**

Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Kópavogur
Sími: 570-5070

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1
Akureyri
Sími: 460-4300

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19
Reykjanesbær
Sími: 421-4888

Toyota Selfossi
Fosnesi 14
Selfoss
Sími: 480-8000

Toyota Austurlandi
Miðási 2
Egilsstaðir
Sími: 470-5070